


**Efni: Minnisblað um stöðu mála hjá umboðsmanni skuldara 1. janúar 2012**


Mynd 1: Fjöldi umsókna sem umboðsmanni skuldara hafa borist 1. ágúst 2010 til 1. janúar 2012

**Embætti umboðsmanns skuldara**

Hjá embætti umboðsmanns skuldara starfa nú 78 manns. Þar af eru níu laganemar í hlutastarfi og eru stöðugildin því 71. Flestir starfsmenn eru á ráðgjafasviði og greiðsluaðlögunarsviði, en jafnframt er innan embættisins að finna skrifstofu umboðsmanns skuldara og fjármálasvið. Verið er að ráða umsjónarmenn og aðra til að starfa við umsjónarmennsku, bæði með því að flytja til fólk og færa fólk í starfi. Þegar hafa verið auglýstar innkallanir á tvo umsjónarmenn hjá UMS. Vonast er til að ná fram með því hagræðingu í starfi sem og að samningagerð gangi hraðar fyrir sig.

Fyrir liggur að opna útibú á Akureyri. 34 sóttu um stöðu ráðgjafa sem staðsettur yrði á Akureyri og er UMS búinn að tryggja húsnæði hjá Akureyrarbæ, að Glerárgötu 26. Viðtöl við væntanlegan starfsmann hefjast í þessari viku og er vonast til að hægt sé að opna útibúið í febrúar/mars. Opnun fer nokkuð eftir því hvenær viðkomandi starfsmaður getur hafið störf og hvenær hann verður tilbúinn eftir þjálfun. Byggt verður á þeirri reynslu sem UMS býr yfir eftir að hafa opnað útibú í Reykjanesbæ.

**Greiðsluaðlögun einstaklinga**

Umboðsmanni skuldara hafa borist 3.806 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um.


Fjöldi nýrra umsókna dróst verulega saman eftir að frestun greiðslna féll úr gildi 1. júlí sl. frá því að vera að meðaltali um 250 í um 30. Á sama tíma hefur fjöldi almennra ráðgjafarmála fjölgað nokkuð. Þau voru 114 í desember, en

**Greiðsluaðlögun einstaklinga**

<b>Í vinnslu hjá UMS</b>	1.218
<b>Í vinnslu hjá umsjónarmanni</b>	1.825
<b>Vinnslu lokið</b>	763
Þ.a. samningar	268
Þ.a. synjað	234
Þ.a. afturkallað	232
Þ.a. niðurfellt v/ athugasemda umsjónarmanns	23
Þ.a. nauðasamningar hjá dómstólum	6
<b>Alls</b>	<b>3.806</b>

voru fyrir 1. júlí að jafnaði um 40. Verklag innan embættisins hefur einnig breyst að því leyti að umsóknir vegna greiðsluferfiðleika byrja, að jafnaði, sem umsókn um ráðgjöf þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluaðlögun ef mögulegt er. Einhver hluti umsókna um ráðgjöf munu því enda sem umsókn um greiðsluaðlögun.

Alls voru 1.218 umsóknir í vinnslu innan embættisins þann 1. janúar 2012, þar sem verið er að taka afstöðu til þess hvort samþykka eigi umsókn eða ekki. Að jafnaði hafa rúmlega 80% umsókna verið samþykktar. Um 9% umsókna hefur verið synjað og um 9% umsókna hafa verið afturkallaðar af frumkvæði umsækjenda.



Mynd 2: Fjöldi greiðsluaðlögunarsamninga pr. mánuð

Búið er að taka afstöðu til 2.587 máls. Af þessum 2.587 málum eru 1.825 mál í vinnslu hjá umsjónarmönnum, þar sem reynt er að ná samningum við kröfuhafa fyrir hönd skuldara. Þunginn í vinnslu greiðsluaðlögunarmála hefur því verið að færast frá ákvörðunartöku til eftirlits og stuðnings við umsjónarmenn, auk þess að byggja upp umsjónarmannakerfi innanhúss. Af þeim málum sem er lokið hjá umsjónarmönnum hefur náðst samningur í 90% tilfella, en heimild til greiðsluaðlögunarumleitana hefur verið afturkölluð í tæplega 8% tilfella. Í um 2% tilfella hefur mál farið fyrir dómstóla þar sem nauðasamningur náðist.

Vinnslu 763 umsókna er alfarið lokið. Þar af hefur 286 umsóknum lokið með samningum, 29 málum hefur lokið hjá umsjónarmanni án samnings og hafa sex þeirra verið send til héraðsdóms, þar sem nauðasamningur er í höfn. Í öðrum málum þar sem vinnslu máls lýkur hjá umsjónarmanni án samnings hafa einhverjar þær upplýsingar komið fram hjá umsjónarmanni að rétt var talið að fella niður heimild til greiðsluaðlögunarumleitana í samræmi við 15.gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. Málum þar sem umsjónarmenn gera athugasemdir vegna mála sem þeir eru að vinna við fer nú fjölgandi og hafa umsjónarmenn nú gert athugasemdir við 87 mál. Í flestum þessara mála er umsjónarmaður að gera athugasemdir þar sem skuldari hefur ekki lagt fyrir í samræmi við 12. gr. Aðrar ástæður fyrir því að umsjónarmenn telja að fella eigi heimild til greiðsluaðlögunarumleitana niður hafa verið að umsækjendur neita að selja fasteign, samskiptaerfiðleikar, ekki næst í skuldara, m.a. vegna þess að þeir eru fluttir úr landi, skuldarar eru ekki lengur í greiðsluferfiðleikum eftir niðurstöðu 110% leiðar, skuldari mætir ekki á fundi eða gefur upp rangar upplýsingar eða að umsjónarmaður telur fjárhag skuldara vera of óljósan til að hægt sé að mæla með raunhæfum samningi til allt að þriggja ára.

Vinnslu 234 mála hefur lokið hjá umboðsmanni skuldara með synjun og 232 umsóknir hafa verið afturkallaðar að frumkvæði umsækjenda. Rúmlega helmingur synjana koma til þar sem umsækjendur hafa ekki skilað inn nauðsynlegum gögnum.

71 kæra hefur borist vegna synjunar á heimild til greiðsluaðlögunarumleitana. Þar af er vinnslu lokið í 27 þeirra. Í nokkrum þeirra mála var mál tekið upp að nýju hjá umboðsmanni skuldara þar sem nauðsynleg gögn, sem ekki höfðu borist embættinu, voru send inn sem fylgigögn með kæru.

Eins og sjá má á mynd 2, hefur flestum samningum pr. mánuð verið lokið í nóvember, þegar 57 samningar komust á. Vonir standa því til að samningum fari að fjölga verulega í janúar í kjölfar samkomulags við stærstu fjármálafyrirtækin um eftirgjöf samningsskulda í kjölfar afmáningar veðskulda. Frá því að frumvörp um slíka samninga eru sendir kröfuhöfum líða a.m.k. þrjár vikur þar til samningur er samþykktur.

### **Ráðgjöf**

Um 7.350 hafa leitað aðstoðar ráðgjafafjónustunnar frá opnun embættisins. Ráðgjafafjónustan tekur á móti viðskiptavinum alla virka daga milli 9.00 og 15.00. Einnig er embættið með símatíma, sem sinnir þeim viðskiptavinum sem ekki eiga heimangengt. Á hverri vakt eru bæði fjármálaráðgjafar og lögfræðingar.

Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 1.251 umsóknir um ráðgjöf, þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluaðlögunar. Eftir að gert er greiðsluerfiðleikamat á umsækjanda er leitað leiða fyrir umsækjanda að draga tímabundið úr mánaðarlegri greiðslubyrði til að ná til framtíðar jafnvægi á milli tekna og skulda. Ef vægari úrræði duga ekki er mælt með greiðsluaðlögun. Nú eru um 254 ráðgjafarmál til vinnslu hjá embættinu og hefur þeim fjölgað nokkuð frá 1. júlí.

### **Erindi**

Eitt hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds. Einnig var umboðsmanni skuldara falið að hafa eftirlit með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á lánnum einstaklinga sem höfðu ólögmeða gengistryggingu.

Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 1.202 erindi. Þar af eru um 420 erindi þar sem farið hefur verið yfir endurútreikning bílalána, um 135 vegna endurútreiknings fasteignalána og um 30 vegna annarra gengislána. Um 40 erindi hafa einnig borist þar sem skuldarar eru ósáttir við að á þeim tíma sem erindið barst hafi lánið ekki talist, af lánastofnun, til þeirra lána sem átti að endurreikna.

184 erindi hafa borist vegna ábyrgðarskuldbindinga, og mun þeim erindum fjölga verulega í takt við fjölgum samninga um greiðsluaðlögun. Starfsmenn umboðsmanns skuldara hafa milligöngu um, í þessum tilfellum, að athuga gildi ábyrgða þriðja aðila. Flest þessi mál snúa að ábyrgðarmönnum umsækjenda um greiðsluaðlögun, en einnig er eitthvað um það að aðrir ábyrgðarmenn leiti til embættisins. Athugun er nú lokið á um 80 ábyrgðum. Þar af er um 32 ógildar ábyrgðir, flestar vegna skuldabréfa, en einnig vegna átta yfirdráttarheimilda, tveggja lánsveða og á einu tryggingabréfi.